

117 þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrir-
22. ágúst vara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem bæjarstjórn samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð bæjarstjórnar.

C. Almenn ákvæði.

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 krónum — tíu þúsund krónum —, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í rikissjóð.

22. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um notkun og meðferð rafmagns í Vestmannaeyjasýslu, nr. 102 24. júlí 1916.

Atvinnumálaráðuneytið, 22. ágúst 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Gunnl. E. Briem.

118

9. maí

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 134 27. júlí 1945 um skyldu skipa og flugfara til að koma á tiltekna hafnir eða flugstöðvar til þess að fá fyrstu afgreiðslu hér á landi.

Auk þeirra hafna, sem skip nú mega fá fyrstu afgreiðslu á samkvæmt 1. gr. reglugerðarinnar, má frá 1. júní n. k. einnig veita skipum fyrstu afgreiðslu í Keflavík og Húsavík.

Fjármálaráðuneytið, 9. maí 1949.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.